

Tillaga til þingsályktunar

um viðræður við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka undir forustu formanns, sem utanríkisráðherra skipar án tilnefningar, til að ganga til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar. Stefnt skal að niðurstöðu áður en gildandi samkomulag við bandarísk stjórnvöld um umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli rennur út. Nefndin skal að undangenginni athugun og könnunarviðræðum við bandarísk stjórnvöld skila áfangaskýrslu til Alþingis eigi síðar en í febrúarlok árið 2001 þannig að tími gefist til samninga um málið áður en núgildandi bókun um umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli rennur út.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 125. löggjafarþingi en varð þá ekki útrædd. Tillaga sama efnis var flutt á síðasta kjörtímabili en var felld í atkvæðagreiðslu að lokinni síðari umræðu með 47 atkvæðum gegn 7. Rétt þykir að sitjandi þing fái einnig að fjalla um málið.

Á undanförnum árum hafa bandarísk stjórnvöld ítrekað látið í ljósi áhuga sinn á að draga úr umsvifum í rekstri herstöðvarinnar á Miðnesheiði. Nú síðast kom þetta fram í heimsókn Madeleine Albright, utanríkisráðherra Bandaríkjana, hingað til lands 30. september sl. Í máli hennar kom skýrt fram að bandarísk stjórnvöld vilja minnka kostnað sinn við rekstur herstöðvarinnar og draga úr svokölluðum „varnarviðbúnaði“.

Þessi áform þurfa ekki að koma neinum á óvart í ljósi þess hve mikið hefur dregið úr spennu í okkar heimshluta síðastliðinn áratug. Í seinni tíð hafa það verið íslensk yfirvöld utanríkismála frekar en bandarísk sem hafa þrýst á um að viðbúnaðurinn yrði meiri en minni. Við gerð núgildandi bókunar um umsvif Bandaríkjahers hér á landi voru það Íslendingar sem fóru fram á áframhaldandi staðsetningu orrustuflugvéla hér, en björgunarsveitin o.fl. tengist veru þeirra á Keflavíkurflugvelli.

Eins og sjá má af fylgiskjali IV hefur dregið mjög úr umsvifum bandaríska hersins á Keflavíkurflugvelli frá 1990. Þannig hefur hermönnum fækkað um 42% eða úr tæplega 3.300 í 1.900 og flugvélum fækkað úr 37 í 18. Þessari þróun ber að fagna og eðlileg viðbrögð íslenskra ráðamanna væru að ganga tafarlaust til viðræðna við Bandaríkjastjórn um hvernig staðið verði að því að binda enda á hersetuna.

Hins vegar verður að nefna að nýlegar deilur stórvelda um kjarnorkuvígbúnað hafa varpað nokkrum skugga á þessa gleðilegu þróun. Áform Bandaríkjastjórnar um gagneldflaugakerfi hafa sett ABM-samninginn frá 1972 í uppnám og stefna nú allri kjarnorkuafvopnun í voða. Einnig höfum við nýlega verið minnt á fylgifiska hernaðarbróltis í anda kalda stríðsins þegar rússneski kjarnorkuafbáturinn Kursk fórst við heræfingar í Barentshafi.

Rétt er að minna á að herstöðin á Miðnesheiði er hluti af heildarvígbúnaðarkerfi Bandaríkjamanna og NATO. Kjarnorkuvopnastefna Bandaríkjamanna og NATO er óbreytt, þ.e. Bandaríkin einhliða og NATO áskilja sér rétt til að beita kjarnorkuvopnum að fyrri bragði (First use policy). Það er einnig óbreytt að tilvist kjarnorkuvopna er hvorki játað né neitað, t.d. er ekki uppgæfið hvort skip eða flugvélar sem tilheyra kjarnorkuheraflanum eru vopnuð þá og þá stundina. Svo hefur t.d. verið þegar NATO-herskip hafa heimsótt íslenskar hafnir.

Um áratugaskeið hefur afstaðan til veru bandaríska hersins í Keflavík verið deilumál hér á landi og lengst af hefur þjóðin skipst í tvær fylkingar, löngum svipaðar að stærð, í afstöðu sinni til þess hvort rétt sé, skylt eða nauðsynlegt að hafa hér erlendan her. Í þeim deilum var það a.m.k. í orði kveðnu yfirlýst afstaða helstu stjórnmalasamtaka að hér skyldi ekki vera erlendir her á friðartímum. Þeir friðartímar létu á sér standa og voru jafnvel styrjaldir í fjarlægum heimsálfum notaðar til að réttlæta veru hersins hér. Á kaldastríðstímanum var spennan milli risaveldanna tveggja að sjálfsögðu notuð, hér eins og annars staðar, til að réttlæta aukinn vígbúnað.

Nú er vígbúnaðinum hins vegar ekki beint gegn neinum óvini og því eru uppi nánast sögulegar aðstæður til að sætta þjóðina í þessu deilumáli með því að herinn hverfi af landi brott. Hin langa herseta hefur markað sín spor og þær tekjur, atvinna og umsvif sem leiddi af veru hersins voru lengi vel mjög þýðingarmikill og drjúgur hluti af gjaldeyrstekjum þjóðarbúsins hvort sem mönnum er ljúft eða leitt að viðurkenna það. Verulega hefur dregið úr efnahagslegu mikilvægi hersetunnar og hafa gjaldeyrstekjur sem leitt hefur af henni minnkað að raungildi á undanförmum árum og hlutfallslega töluvert ef miðað er við auknar útflutningstekjur af annarri starfsemi.

Núgildandi samkomulag milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda rennur út í apríl árið 2001 og hefur verið uppsegjanlegt frá því í apríl sl. Það er því tímabært að hefja nú þegar viðræður við bandarísk stjórnvöld um með hvaða hætti erlendir her og eiginlegur vígbúnaður geti horfið úr landi. Enginn vafi er á að húsnæði og aðstaða við flugvöllinn gæti nýst til margvíslegrar atvinnustarfsemi og aukinna umsvifa sem kæmu í stað þess sem nú er. Atvinnuástand hefur batnað á Suðurnesjum og skortur er á vinnuafli í landinu þannig að aðstæður eru að ýmsu leyti hagstæðar. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að gera áætlun um sérstakt átak til atvinnuuppbyggingar og þróunar fyrir svæðið samhliða því að unnið er að samkomulagi við Bandaríkjamenn um hvernig að þessum breytingum verði staðið. Með í þær viðræður þarf að sjálfsögðu að taka þátttöku Bandaríkjamanna í að bæta fyrir þá röskun sem hersetan hefur valdið í íslenskum þjóðarbúskap og ekki síður spjöll á íslenskri náttúru og kostnað við hreinsun mengaðra svæða.

Í ljósi mikilvægis málsins og með hliðsjón af því hve gæfuríkt væri ef þjóðinni auðnaðist að sameinast á ný um áherslur í þessu viðkvæma máli, sem valdið hefur deilum um hálfra aldar skeið, er lagt til að fulltrúar allra þingflokka eigi aðild að þeim viðræðum sem hefjast í framhaldi af samþykkt tillögnum.

Samhliða niðurstöðu í þessu máli og samkomulagi um brottför erlends hers úr landinu skapast gerbreyttar aðstæður til að móta sjálfstæða íslenska utanríkis- og friðarstefnu. Stefnu sem grundvallaðist á vopnleysi, friðlýsingu og sjálfstæðri óháðri stöðu landsins utan hernaðarbandalaga, sem aflað yrði alþjóðlegrar viðurkenningar.

Fordæmið frá sjálfstjórnarsvæðinu Álandseyjum og sú samstaða sem þar ríkir um vopnleysi og friðarstefnu, ásamt með uppbyggingu friðarstofnunar Álandseyja er áhugavert í þessu sambandi.

Fylgiskjal I.**Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna
á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins.**

Þar sem Íslendingar geta ekki sjálfir varið land sitt, en reynslan hefur sýnt, að varnarleysi lands stofnar öryggi þess sjálfs og friðsamra nágranna þess í voða, og þar sem tvísýnt er um alþjóðamál, hefur Norður-Atlantshafsbandalagið farið þess á leit við Ísland og Bandaríkin, að þau geri ráðstafanir til, að látin verði í té aðstaða á Íslandi til varnar landinu og þar með einnig til varnar svæði því, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til, með sameiginlega viðleitni aðila Norður-Atlantshafssamningsins til að varðveita frið og öryggi á því svæði fyrir augum. Samningur sá, sem hér fer á eftir, hefur verið gerður samkvæmt þessum tilmælum.

1. gr.

Bandaríkin munu fyrir hönd Norður-Atlantshafsbandalagsins og samkvæmt skuldbindingum þeim, sem þau hafa tekist á hendur með Norður-Atlantshafssamningnum, gera ráðstafanir til varnar Íslandi með þeim skilyrðum, sem greinir í samningi þessum. Í þessu skyni og með varnir á svæði því, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til, fyrir augum, lætur Ísland í té þá aðstöðu í landinu, sem báðir aðilar eru ásáttir um, að sé nauðsynleg.

2. gr.

Ísland mun afla heimildar á landsvæðum og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að í té verði látin aðstaða sú, sem veitt er með samningi þessum, og ber Bandaríkjunum eigi skylda til að greiða Íslandi, íslenskum þegnum eða öðrum mönnum gjald fyrir það.

3. gr.

Það skal vera háð samþykki Íslands, hvorrar þjóðar menn eru í varnarliðinu, svo og með hverjum hætti það tekur við og hagnýtir þá aðstöðu á Íslandi, sem veitt er með samningi þessum.

4. gr.

Það skal háð samþykki íslensku ríkisstjórnarinnar, hversu margir menn hafa setu á Íslandi samkvæmt samningi þessum.

5. gr.

Bandaríkin skulu framkvæma skyldur sínar samkvæmt samningi þessum þannig, að stuðlað sé svo sem frekast má verða að öryggi íslensku þjóðarinnar, og skal ávallt haft í huga, hve fámennir Íslendingar eru, svo og það, að þeir hafa ekki öldum saman vanist vopnaburði. Ekkert ákvæði þessa samnings skal skýrt þannig, að það raski úrslitayferráðum Íslands yfir íslenskum málefnum.

6. gr.

Samningur sá, er gerður var hinn 7. október 1946 milli Íslands og Bandaríkjanna um bráðabirgðaafnot af Keflavíkurflugvelli, fellur úr gildi við gildistöku samnings þessa, og mun Ísland þá taka í sínar hendur stjórn og ábyrgð á almennri flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli. Ísland og Bandaríkin munu koma sér saman um viðeigandi ráðstafanir varðandi skipulag á rekstri flugvallarins til þess að samræma starfsemi þar því, að hann er jafnframt notaður í þágu varnar Íslands.

7. gr.

Hvor ríkisstjórnin getur, hvenær sem er, að undanfarinni tilkynningu til hinnar ríkisstjórnarinnar, farið þess á leit við ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins, að það endurskoði, hvort lengur þurfi á að halda framangreindri aðstöðu, og geri tillögur til beggja ríkisstjórnanna um það, hvort samningur þessi skuli gilda áfram. Ef slík málaleitan um endurskoðun leiðir ekki til þess, að ríkisstjórnirnar verði ásáttar innan sex mánaða, frá því að málaleitunin var borin fram, getur hvor ríkisstjórnin, hvenær sem er eftir það, sagt samningnum upp, og skal hann þá falla úr gildi tólf mánuðum síðar. Hvenær sem atburðir þeir verða, sem 5. og 6. gr. Norður-Atlantshafssamningsins tekur til, skal aðstaða sú, sem veitt er með samningi þessum, látin í té á sama hátt. Meðan aðstaðan er eigi notuð til hernaðarþarfa, mun Ísland annaðhvort sjálft sjá um nauðsynlegt viðhald á mannvirkjum og útbúnaði eða heimila Bandaríkjunum að annast það.

8. gr.

Samningur þessi er gerður á íslensku, og á ensku, og eru báðir textar jafngildir. Hann gengur í gildi, er hann hefur verið undirritaður af réttum yfirvöldum Íslands og Bandaríkja-anna og ríkisstjórn Íslands hefur afhent ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku tilkynningu um, að samningurinn hafi verið fullgiltur af Íslands hálfu.

Gert í Reykjavík hinn 5. maí 1951.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

Bjarni Benediktsson,
utanríkisráðherra Íslands.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku:

Edward B. Lawson,
sérlegur sendiherra og ráðherra með umboði fyrir
Bandaríki Ameríku á Íslandi.

Fylgiskjal II.

Bókun 1994.

(Þýdd að beiðni flutningsmanna.)

Með hliðsjón af grundvallarbreytingum sem orðið hafa á öryggisumhverfinu í Evrópu og á Norður-Atlantshafinu í kjölfar endaloka kalda stríðsins, og í samræmi við tvíhliða varnarsamninginn frá 1951, hafa ríkisstjórnir Bandaríkjanna og Íslands átt viðræður um viðeigandi viðbúnað í Keflavík til varnar Íslandi. Eftirfarandi samkomulag hefur náðst:

1. Bandaríkin staðfesta skuldbindingar sínar samkvæmt tvíhliða varnarsamningnum frá 1951.
2. Íslendingar staðfesta að Bandaríkin og herir bandalagsríkjanna skuli áfram vera í Keflavíkurstöðinni á Íslandi.

3. Fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins og í samræmi við skyldur sínar samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum staðfesta Bandaríkin þá skuldbindingu sína að gera ráðstafanir varðandi varnir Íslands með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru fram í Norður-Atlantshafssamningnum og í tvíhliða varnarsamningnum frá 1951.
4. Til varnar Íslandi og því svæði sem heyrir undir Norður-Atlantshafssamninginn munu Íslendingar láta í té þá aðstöðu á Íslandi sem gagnkvæmt samkomulag er um að nauðsynleg sé samkvæmt tvíhliða varnarsamningnum frá 1951.
5. Báðar þjóðir staðfesta þá skuldbindingu sína að hafa með sér náð samráð varðandi öryggismál, bæði á tvíhliða grundvelli og innan NATO, meðan Bandaríkin og bandalagið laga sig að nýjum varnarþörfum í kjölfar endaloka kalda stríðsins.
6. Ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkjanna telja að nýleg þróun heimsmála geri mögulegt að gera breytingar á herafli til þess að uppfylla sameiginlegar skuldbindingar sínar varðandi öryggi og varnir. Þess vegna hafa Ísland og Bandaríkin, samkvæmt varnarskuldbindingum sínum, sbr. 3. mgr., komist að samkomulagi um eftirfarandi:
 - að fækka orrustuflugvélum en halda a.m.k. fjórum til þess að viðhalda virkri loftvarnagetu með bækistöð á Íslandi,
 - að viðhalda í Keflavík viðbúnaði og stoðveitum sem nauðsynlegar eru til þess að halda úti orrustuflugvélum,
 - að viðhalda björgunarsveitinni,
 - að viðhalda flugstöð flotans,
 - að viðhalda loftvarnakerfi Íslands,
 - að halda áfram heræfingunum Norðurvíkingur (Northern Viking) á tveggja ára fresti,
 - að leggja niður tvær litlar flotaeiningar á þeim tíma sem báðar ríkisstjórnir koma sér saman um.
7. Báðir aðilar samþykkja að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að minnka kostnað við rekstur Keflavíkurstöðvarinnar.
8. Ríkisstjórnirnar munu taka aftur upp samráðsfundi með það fyrir augum að endurskoða og komast að sameiginlegum niðurstöðum um skilmála þessa samkomulags í lok tveggja ára tímabils er hefst 1. janúar 1994. Áður en sá tími er liðinn skulu ríkisstjórnirnar skuldbinda sig til þess að kanna leiðir til þess að Ísland taki á sig aukna ábyrgð á sviði björgunarmála.

William J. Perry
aðstoðarvarnarmálaráðherra.

Jón Baldvin Hannibalsson
utanríkisráðherra.

Reykjavík, 4. janúar 1994.

Fylgiskjal III.**Bókun 1996.**

(Þýdd að beiðni flutningsmanna.)

Með hliðsjón af þeirri þróun sem hefur orðið í öryggismálum í Evrópu og á Norður-Atlantshafi síðan ritað var undir bókun um tvíhliða varnarsamskipti 4. janúar 1994, og í samræmi við tvíhliða varnarsamninginn frá 1951, hafa ríkisstjórnir Bandaríkjanna og Íslands átt viðræður um viðeigandi viðbúnað í Keflavík til varnar Íslandi og komist að eftirfarandi niðurstöðu:

1. Bandaríkin og Ísland staðfesta skuldbindingar sínar samkvæmt tvíhliða varnarsamningnum frá 1951.
2. Báðar þjóðir staðfesta þá skuldbindingu sína að hafa með sér náð samráð um öryggismál, bæði á tvíhliða grundvelli og innan NATO.
3. Báðar þjóðir eru sammála um að bókunin frá 1994 hafi verið framkvæmd að fullu og með góðum árangri.
4. Ísland staðfestir að herafli Bandaríkjanna og bandalagsríkja skuli áfram hafa bækistöð í Keflavík.
5. Fyrir hönd Norður-Atlantshafsbandalagsins og í samræmi við skyldur sínar samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum staðfesta Bandaríkin þá skuldbindingu sína að gera ráðstafanir varðandi varnir Íslands samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í Norður-Atlantshafssamningnum og tvíhliða varnarsamningnum frá 1951.
6. Til varnar Íslandi og í varnarskygni fyrir það svæði sem heyrir undir Norður-Atlantshafssamninginn munu Íslendingar láta í té þá aðstöðu á Íslandi sem gagnkvæmt samkomulag er um að nauðsynleg sé samkvæmt tvíhliða varnarsamningnum frá 1951.
7. Með hliðsjón af bókuninni frá 1994 og til þess að staðfesta þá skuldbindingu sína að rækja sameiginlegar skyldur sínar varðandi öryggi og varnir hafa ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkjanna komist að samkomulagi um eftirfarandi:
 - a. að tryggja virka loftvarnagetu með því að hafa a.m.k. fjórar orrustuflugvélar á Íslandi,
 - b. að halda áfram að reyna eftir megni að bæta aðstöðu til æfinga yfir landi og með lágflugi innan lofthelginnar,
 - c. að viðhalda í Keflavík viðbúnaði og stoðveitum sem nauðsynlegar eru til þess að halda úti orrustuflugvélum,
 - d. að viðhalda þyrlubjörgunarsveitinni,
 - e. að halda áfram að kanna leiðir til þess að Ísland taki á sig aukna ábyrgð á sviði björgunarmála,
 - f. að viðhalda flugstöð flotans,
 - g. að viðhalda loftvarnakerfi Íslands,
 - h. að halda áfram heræfingunum Norðurvíkingur (Northern Viking).
8. Báðir aðilar munu halda áfram að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að minnka kostnað á samþykktum sviðum. Í þessu skyni mun nefnd háttsettra embættismanna um lækkun kostnaðar starfa áfram á vegum aðila.
9. Það er ætlun ríkisstjórnanna að þetta samkomulag gildi í fimm ár frá undirritunardegi þess. Að loknum fjórum árum er hvorri ríkisstjórn um sig heimilt að fara fram á endurskoðun þess. Hafi önnur hvor ríkisstjórnin farið fram á slíka endurskoðun munu Banda-

ríkin og Ísland leitast við að hefja samráð um endurskoðun skilmála þessa samkomulags innan fjögurra mánaða frá dagsetningu beiðinnar um endurskoðun.

Halldór Ásgrímsson,
utanríkisráðherra Íslands.

Walter B. Slocombe,
aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna.

Reykjavík, 9. apríl 1996.

Fylgiskjal IV.

*Upplýsingaskrifstofa
varnarliðsins:*

Mannaflí og verktaka á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. (Október 2000.)

Hermenn í varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli voru um 1.900 í júlímánuði síðastliðnum, en ásamt fjölskyldum þeirra og 100 bandarískum borgaralegum starfsmönnum sem annast sérhæfð störf eru um 4.000 íbúar á Keflavíkurflugvelli.

Fjöldi varnarliðsmanna hefur breyst eins og hér segir á undanförunum árum:

		Hermenn	Þar af flugher	Með fjölskyldum	Íslenskir starfsmenn
1. mars	1990	3.294	1.335	4.987	1.086
1. janúar	1994	2.877	1.160	5.709	910
1. júlí	1995	2.280	796	4.742	951
1. janúar	1996	2.149	687	4.440	882
1. júlí	1997	2.019	699	4.265	883
1. júlí	2000	1.900	642	4.000	916

Hafa ber í huga að fjöldi hermanna er nokkuð breytilegur eftir því hvort allar stöður eru mannaðar. Mannaflí er jafnan í lágmarki í árslok og fjöldi íslenskra starfsmanna í hámarki á sumrin.

Fækkun hermanna á árunum 1990–1994 stafaði m.a. af fækkun í flughernum, þar á meðal með brottför ratsjárflugvéla og fækkun orrustuþotna, svo og fækkun eftirlitsflugvéla flotans. Flugvélum varnarliðsins hefur fækkað um rúmlega helming og hermönnum um 42% frá árinu 1990. (Flugvélum úr 37 í 18 og hermönnum úr 3.294 í 1.900.) Samt sem áður jókst heildarfólksfjöldi á Keflavíkurflugvelli í fyrstu sökum 40% aukningar íbúðarhúsnæðis fyrir fjölskyldur og gátu þá allir varnarliðsmenn sem vildu haft fjölskyldur sínar hjá sér. Fækkun frá janúar 1994 stafar af frekari fækkun í flughernum í framhaldi af samkomulagi þar um og fækkun í eftirlitsflugsveit flotans og lokun fjarskiptastöðva. Íslenskum starfsmönnum fækkaði á fyrri helmingi þessa tímabils vegna strangra aðhaldsaðgerða Bandaríkjustjórnar við ráðningar í störf er losnuðu og lítið eitt vegna færslu þjónustustarfa til verktaka.

Samtals störfuðu um 1.520 Íslendingar hjá varnarliðinu og verktökum og stofnunum sem annast þjónustu við varnarliðið um síðustu áramót. Starfsmenn varnarliðinu sjálfs voru þá

851 (916 í júlí með sumarstörfum) en aðrir störfuðu hjá verktakafyrirtækjum og Ratsjárstofnun. Stærstu verktakafyrirtækin á Keflavíkurlflugvelli eru Íslenskir aðalverktakar, Keflavíkurlverktakar og Ístak og annast þau fyrst og fremst verklegar framkvæmdir. Þá má telja Kögum og Olíufélagið auk annarra þjónustuverktaka. Ríkisstofnanir, aðrar en Ratsjárstofnun, sem annast starfsemi vegna varnarliðsins eru Sýslumannsembættið, flugvallarstjóri og Veðurstofa Íslands með samtals rúmlega 120 starfsmenn sem ekki eru taldir með í framangreindri samantekt. Engir íslenskir starfsmenn búa á varnarsvæðinu og laun þeirra og önnur kjör eru samkvæmt samningum á íslenskum vinnumarkaði.

Varnarliðið samanstendur af deildum úr bandaríska flughernum sem annast loftvarnir og flotanum sem annast eftirlit með skipa- og kabátaferðum. Flotastöð varnarliðsins rekur öll mannvirki og þjónustu á varnarsvæðinu sem gerir þessum deildum kleift að sinna störfum sínum. Má þar nefna rekstur flugvallarins, húsnæðis, veitukerfa, mótuneyta, verslana og skóla auk tómstundastarfsemi af ýmsu tagi sem gerir varnarliðsmönnum og fjölskyldum þeirra kleift að lifa sem eðlilegustu lífi.

Flestir íslenskir starfsmenn varnarliðsins starfa hjá flotastöðinni. Má þar nefna stofnun verklegra framkvæmda sem annast m.a. viðhald og rekstur mannvirkja og veitukerfa; tómstundadeild sem rekur íþrótt- og tómstundastofnanir auk veitingahúsa, skemmtistaða og ferðaskrifstofu; verslun flotans, Navy Exchange, sem býður upp á flest annað en matvöru; matvöruverslun; birgðadeild er annast innkaup, geymslu og dreifingu á hvers kyns vörum og eldsneyti, svo og fjármáladeild að ógleymsu slökkviliðinu sem, auk þess að annast brunavarnir í mannvirkjum og flugvélum, sér um hálfkuvarnir og snjóruðning á flugbrautum, afgreiðslu herflutningaflugvéla og ýmsa aðra þjónustu við flugvélar. eru þá ótaldar margar smærri deildir flotastöðvarinnar og annarra deilda varnarliðsins sem hafa færri íslenskum starfsmönnum á að skipa. Áætlað er að árlegur rekstrarkostnaður varnarliðsins sé um 10 milljarðar króna og eru þá ótalin laun hermanna og nýbyggingar. Tekjur íslenska þjóðarbúsins af varnarliðinu námu 1,6% af vergri þjóðarframleiðslu á síðasta ári samkvæmt upplýsingum Seðlabankans.

Verklegar framkvæmdir á vegum varnarliðsins eru fjármagnaðar með bandarísku fjárlagafé eða af Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Smæstu viðhaldsverkefni eru framkvæmd af iðnaðarmönnum varnarliðsins sjálfs, en verktakar annast stærri viðhaldsverkefni og nýbyggingar. Um verkefni sem fjármögnuð eru af Bandaríkjamönnum er samið við verktaka sem íslensk stjórnvöld tilnefna, en séu þau fjármögnuð af Atlantshafsbandalaginu fer fram samkeppnisútböð, innan lands eða í öllum ríkjum bandalagsins eftir stærð verksins.

Samráð er haft um umfang verkefna á vegum varnarliðinu og greinir það utanríkisráðuneytinu frá þeim verklegu framkvæmdum sem það hyggst ráðast í. Tilnefnir utanríkisráðuneytið þá verktaka sem varnarliðið skuli semja við eftir því sem við á. Í samkomulagi Íslands og Bandaríkjanna frá árinu 1996 er gert ráð fyrir að byggingarverkefni þau sem fjármögnuð eru af Bandaríkjamönnum fari einnig í samkeppnisútböð og þannig gildi hið sama um öll slík verkefni að loknum aðlögunar- og reynslutíma í ársbyrjun 2004.

Þá varð sú breyting árið 1995 að samningar varnarliðsins um kaup á vörum og þjónustu voru gefnir fjálsir og annast Umsýslustofnun varnarmála – Sala varnarliðseigna forval fyrir-tækja sem sækjast eftir slíkum viðskiptum samkvæmt ákveðnum hæfniskröfum.

Fylgiskjal V.

	Varnarliðsviðskipti í millj. kr.						Nettótekjur af varnarliðinu.				
	Verk- takar	Olíu- félög	Skipa- félög	Aðrar tekjur	Tekjur samtals	Útgjöld	Nettó- tekjur	Gengi USD	Í millj. USD	% af útflutn.	% af VLF
1970	6	0	1	5	12	1	11	0,88	12,9	5,4	2,6
1971	5	1	1	7	14	1	13	0,88	14,8	5,8	2,3
1972	6	1	1	8	16	2	14	0,87	16,5	5,5	2,1
1973	9	1	2	8	20	2	18	0,90	20,5	4,9	1,9
1974	7	3	2	12	24	2	22	1,00	22,1	4,6	1,6
1975	19	4	5	20	48	6	42	1,54	27,3	5,8	2,1
1976	29	5	9	27	70	8	62	1,82	34,0	5,9	2,2
1977	38	8	10	40	96	7	89	1,99	44,8	6,1	2,2
1978	62	10	15	67	155	8	146	2,71	53,9	5,9	2,3
1979	59	15	16	96	187	20	167	3,52	47,4	4,3	1,8
1980	103	20	26	206	355	23	332	4,79	69,3	5,7	2,1
1981	187	35	19	302	543	46	497	7,24	68,6	5,6	2
1982	559	57	97	456	1169	80	1089	12,52	87,0	8,3	2,8
1983	1303	95	176	869	2443	287	2156	25,00	86,2	7,9	3,3
1984	1600	113	139	1137	2989	223	2766	31,66	87,4	8	3,1
1985	1307	185	66	1831	3389	267	3122	41,47	75,3	6,2	2,6
1986	2356	234	60	2193	4843	415	4428	41,04	107,9	7	2,8
1987	2291	260	82	2664	5297	507	4790	38,60	124,1	6,5	2,3
1988	3029	323	132	2289	5773	663	5110	43,09	118,6	6	2
1989	4060	352	252	3529	8193	885	7308	57,14	127,9	6,6	2,4
1990	4875	315	268	4577	10035	801	9234	58,23	158,6	7,2	2,6
1991	4416	294	397	5401	10508	1069	9439	59,04	159,9	7,3	2,5
1992	4190	245	252	5541	10228	471	9757	57,52	169,6	7,7	2,5
1993	3171	224	482	5526	9403	342	9061	67,74	133,8	6,4	2,3
1994	2924	-	-	-	-	-	9546	-	136,9	5,9	2,2
1995	3262	-	-	-	-	-	8983	-	138,9	5,4	2
1996	3945	-	-	-	-	-	9902	-	148,9	5,4	2
1997	4703	-	-	-	-	-	10943	-	154,6	5,5	2,1
1998	4046	-	-	-	-	-	10344	-	145,8	4,9	1,8
1999	3684	-	-	-	-	-	10411	-	144,2	4,7	1,6